

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 112/98
frá 27. nóvember 1998

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/98 frá 30. október 1998⁽¹⁾.

Tilmæli ráðsins 98/376/EB frá 4. júní 1998 um bílastæðakort fyrir fatlaða⁽²⁾ skal felld inn í samninginn

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 89. lið (ályktun ráðsins 96/C 99/01) í XIII. viðauka við samninginn:

„90. **398 X 0376**: Tilmæli ráðsins 98/376/EB frá 4. júní 1998 um bílastæðakort fyrir fatlaða (Stjtið. EB L 167, 12.6.1998, bls. 25).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 55 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 167, 12.6.1998, bls. 25.

2. gr.

Fullgiltur texti tilmæla ráðsins 98/376/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. nóvember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 27. nóvember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N.v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner